

Reykjavík, 4. febrúar 2022

Ragnheiður Hermannsdóttir
Deildarstjóri Grunnskóladeildar
Kópavogsbæ

Efni: Matsrannsókn um spjaldtölvur í grunnskólum Kópavogs – tafir á framkvæmd

Í mars 2021 gerðum við hjá Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun við Menntavísindasvið Háskóla Íslands samning við Kópavogsbæ um matsrannsókn á innleiðingu spjaldtölva í grunnskólum Kópavogsbæjar á árunum 2015-2020.

Því miður hafa verið töluverðar tafir í gagnasöfnun af eftirfarandi ástæðum:

- Undirritun samnings dróst og hófst því verkefnið síðar á vormisseri en ætlað var.
- Vinna vegna persónuverndarmála var tafsamari en gert var ráð fyrir vegna nýrra persónuverndarlaga. Strangari kröfur eru nú gerðar um upplýst samþykki og nýjar vinnureglur kveða á um að rannsóknir af þessu tagi þurfi að fá umsögn Siðanefndar háskólanna sem fundar aðeins einu sinni í upphafi hvers mánuðar á skólaárinu. Því varð að bíða þar til um miðjan apríl eftir svari frá þeim. Viðhorfakannanir náðist því ekki að senda út fyrr en eftir páska. Þá varð að færa síðari hluta gagnasöfnunar á haustmisseri og sú gagnasöfnun hófst svo síðar en vonast hafði verið til ekki síst vegna persónuverndarmála í tengslum við þann hluta rannsóknar.
- Lengri tíma en ætlað var tók að fá leyfi frá foreldrum í síðari hluta rannsóknar – ásamt því að kynna rannsóknina í öllum þremur skólum og fá leyfi frá nemendum sjálfum áður en gagnasöfnun hófst.
- Gagnasöfnun í skólum á haustmisseri tafðist töluvert vegna COVID-smita og þurfti í einhverjum tilvikum að fresta vettvangsheimsóknum og/eða viðtölum og finna nýja tíma. Þá varð að færa einn hluta rannsóknar á vormisseri 2022 (frásagnir nemenda). Þegar þetta er skrifað er beðið svara frá viðkomandi skólastjórum hvort og hvenær það náist.

Vegna ofangreindra ástæðna sjáum við okkur ekki fært að uppfylla skyldur okkar að fullu samkvæmt samningnum við Kópavogsbæ og er okkur því skylt að tilkynna ykkur það formlega. Við leggjum jafnframt fram breytta áætlun þar sem helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Í stað þess að skila drögum að matsskýrslu 15. janúar 2021 þá fái Kópavogsbær í hendur eftirfarandi skýrslur eigi síðar en 22. febrúar 2022:
 - Samantekt á niðurstöðum SELFIE könnunar;
 - Skýrsla um niðurstöður viðhorfakönnunar meðal nemenda;
 - Skýrsla um niðurstöður viðhorfakönnunar meðal kennara;
 - Skýrsla um niðurstöður viðhorfakönnunar meðal foreldra.
- Í stað þess að skila matsskýrslu 1. mars 2022 verði henni skilað 1. ágúst 2022.

Meðfylgjandi er samanburður á fyrri áætlun og nýrri áætlun.

Virðingarfyllt

Sólveig Jakobsdóttir, prófessor
Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Yfirlit um breytingar í áætlun og framkvæmd

Verkþáttur	Áætlun mars 2021	Áætlun febrúar 2022
Undirbúningur, áætlanagerð		
Söfnun heimilda og skráning	Mars 2021	Mars-maí 2021
Gerð viðhorfakannana, upplýst samþykki, Persónuvernd	Mars 2021	Mars-apríl 2021; Ágúst-október 2022
Gagnasöfnun, úrvinnsla/greining		
Viðtöl: verkefnisstj., ráðgjafar, UT-sérfr., menntaráð o.fl.*	Mars-júní 2021	Engin breyting
Viðtöl v. skólastjóra (rýnihópur - 9 skólar)	Mars-apríl 2021	Engin breyting
SELFIE - stafræn hæfni, sjálfsmat skóla	Mars-apríl 2021	Engin breyting
Viðhorfakönnun spjaldtölvur: 9 skólar kenn., nem. (mið og ungl.), for.	Byrjun apríl -maí 2021	Lok apríl-júní 2021 (gagna-söfnun); haust 2021 (úrvinnsla)
Einstaklingsviðtöl: stj. 3 skóla	Maí -júlí 2021	Haut 2021 (viðtöl); vor 2022 (gagnaúrvinnsla)
Viðtöl v. kenn.: rýnihópar 3 sk. x 2 stig	Maí -ágúst 2021	Haut 2021 (viðtöl); vor 2022 (gagnaúrvinnsla)
Viðtöl v. nem.: rýnihópar 3 skólar x 2 stig	Maí -ágúst 2021	Haut 2021 (viðtöl); vor 2022 (gagnaúrvinnsla)
Sjálfsmat nemenda - "sögur"	Maí 2021	Vor 2022
Vettvangsathuganir í 3 skólum, mið- og unglíngastig....	Apríl-september 2021	Haut 2021 (athuganir); vor 2022 (gagnaúrvinnsla)
Heimildav., skjalagr. (t.d. tengd námsárangri, námskrár)	Mars-ágúst 2021	Mars 2021-vor 2022
Matsskýrsla: drög og lokaskýrsla	Drög 15.1. 2022 Lokaskýrsla 15.3. 2022	Fjórar skýrslur 22.2.2022 (SELFIE+3 viðhorfakannanir) Lokaskýrsla 1.8.2022
Fundir og kynningar (ca. 1 í mánuði)		Engin breyting